

**Október 2022**

Vikan 24. – 28. okt				
Hópastarf	Vettvangsferð	Listasmiðja	Hreyfing	Málrækt
<p>Í þessum hópastarfstíma voru báðir hóparnir að búa til halastjörnur fyrir ævintýradaginn. Hver og einn teiknaði eina stjörnu, litaði hana og klippti út. Síðan var stjarnan færð yfir á maskínupappír í tvíriti og heftað saman. Stjarnan var svo fyllt með úrklippunum sem féllu til þegar stjarnan var klippt út. Í næsta tíma munu börnin búa til halann á stjórnuna sína og mála stjórnuna með þekjulitum.</p>	<p>Öspin fékk sér göngutúr á leiksvæðið við Giljaskóla. Alltaf gaman að heimsækja skólalóðirnar og leika þar.</p>	<p>Héldum áfram með geimmyndirnar.</p>	<p>Í salnum þessa vikuna í Síðuskóla æfðum við kast og klifur. Þarna voru börnin meðal annars að æfa sig í að klifra upp og niður rimlana, kasta og grípa bolta, og draga sig eftir kaðli á teppisbút. Vorum með þrjár stöðvar þar sem ein stöðin var frjáls leikur en hinar tvær var verið að æfa það sem er talið upp hér að ofan.</p>	<p>Báðir árgangarnir fóru yfir textann á laginu „Geimlagið“ sem við erum að æfa. Lagið er með honum Góa og er inni á youtube. Textinn af laginu er hér fyrir neðan októberstarfið, endilega æfið lagið líka heima 😊</p> <hr/> <p><b>Annað</b></p> <p>Bangsadagur 27. okt. Allir sem vildu komu með bangsa í leikskólann 😊</p>

Vikan 17. – 21. okt				
Hópastarf	Vettvangsferð	Listasmiðja	Hreyfing	Málrækt
<p>Yngri árgangurinn byrjaði tímann á að fara yfir nöfn foreldranna, heimilisföngin og afmælisdaga barnanna. Flestir voru með þetta á hreinu. Næst skoðuðu þau hljóðfæravagninn og byrjuðu á að fá kynningu á hljóðfærnum og svo fóru þau í stöðvavinnu þar sem voru fjórar stöðvar og eitt hljóðfæri á hverri stöð. Í lokin fengu börnin hristur og spiluðu með lag undir.</p> <p>Eldri árgangurinn byrjaði tímann á að fara yfir afmælisdaga og heimilisföng barnanna. Nokkur börn sem þurfa að æfa þetta betur, gott að vita hvenær maður á afmæli og hvar maður á heima. Næst fórum þau saman með kvæðið „maður og mús“ Eftir þetta unnu börnin tvö verkefnablöð, annað blaðið var með formin og hitt var að tengja saman tölurnar 1 til 10.</p>	<p>Fórum í vettvangsferð í skóginn fyrir ofan Síðuskóla. Í skóginum var búið að fela bókstafi barnanna og þurftu allir að finna sinn staf. Þegar allir voru búnir að finna stafinn sinn var leikið í góða stund og svo labbað aftur niður á Krógaból í hádegismat.</p>	<p>Héldum áfram að vinna með geimmyndirnar okkar.</p>	<p>Settum upp þrautabraut í salnum í Síðuskóla. Vorum að æfa jafnvægi, hopp, og hlaup.</p>	<p>Í málrækt hjá Geimveruhóp (yngri árgangur) byrjuðum við á því að klappa nöfnin á börnunum og telja klöppin. Svo lásu við sögu um hann Nóa litla og þegar sagan var búin voru börnin spurð spurninga upp úr henni. Eftir það fórum við í leik með hugtökunum, farartæki, matur og dýr. Börnin fengu að flokka og svo fengu þau líka fyriræli hvað þau ættu að taka s.s. 3 dýr, 1 matarkyns og 2 farartæki.</p> <p>Eldri árgangurinn byrjaði á að fara með kvæðið “maður og mús” Svo hlustuðu börnin á söguna “litla nornin” Börnin fengu spurningar úr sögunni bæði á meðan á lestrinum stóð og þegar hann var búinn. Síðan spiluðu þau rímispil og í lokin fóru þau að finna þrefalt rím t.d. jól, ból og skjól.</p>

Vikan 10. - 14. okt				
Hópastarf	Vettvangsferð	Listasmiðja	Hreyfing	Málrækt
<p>Yngri árgangurinn, Geimveruhópur spilaði jöfnuspil og fór svo að leira.</p> <p>Eldri árgangurinn í Stjörnuhóp vann í möppunum sem þau fengu frá slökkviliðinu í síðustu viku.</p>	Öspin fór upp á Síðuskólalóðina og lék sér þar í kastalanum.	Í listasmiðjunni byrjuðu börnin á geimmyndum en þemað þessa önnin er „geimurinn“	<p>Í salnum settum við upp fjórar stöðvar og unnum með jafnvægi og hopp. Í lokin var frjáls leikur.</p> <p><b>Uppákoma</b> Bleikur dagur á föstudeginum þar sem allir sem vildu komu í einhverju bleiku í leikskólann.</p>	<p>Málræktartíminn á fimmtudeginum féll niður þar sem 1. bekkur úr Síðuskóla kom í heimsókn á leikskólalóðina.</p> <p><b>Annað</b> Fengum frábæra heimsókn á fimmtudeginum þar sem hluti af 1. bekk úr Síðuskóla kom og lék við okkur á leikskólalóðinni.</p>


Vikan 3. – 7. okt				
Hópastarf	Vettvangsferð	Listasmiðja	Hreyfing	Málrækt
<p>Í fyrsta hópastarfstímanum byrjuðu báðir árgangar á því að horfa á myndina „Við eigum öll réttindi“ Myndin fjallar um réttindi barna og er opin öllum inn á ruv.is til 20. nóvember. Þegar myndin var búin voru umræður um myndina og eftir þær skiptu hóparnir sér upp eftir aldri, árgangur 2017 og árgangur 2018. Nú var komið að því að finna nöfn á hópana og þar sem þema haustsins á Krógabóli er geimurinn var ákveðið að finna nöfn tengd geimnum. Að sjálfsögðu fóru fram kosningar og fengu allir að fara inn í „kjörklefann“ og kjósa það nafn sem þeir vildu. Niðurstöðurnar voru þær að árgangur 2017 kaus nafnið Stjörnuhópur og árgangur 2018 kaus Geimveruhópur.</p>	<p>Vettvangsferðin okkar þessa vikuna var bara á leikskólalóðinni þar sem var úrhellisrigning þennan dag.</p>	<p>Sjálfsmyndirnar voru kláraðar og hanga nú upp á vegg fyrir framan Öspina.</p> <p><b>Uppákoma</b> Slökkviliðið kom í heimsókn til árgangs 2017 og var með fræðslu um brunavarnir. Börnin horfðu á myndina um Loga og Glóð og einnig fengu þau að sjá slökkviliðsmann í fullum skúða. Í lokin fóru þau út og skoðuðu slökkviliðsbílinn og fengu að fara inn í hann og setjast í aftursætin.</p> <p>Í vetur verða elstu börnin aðstoðarmenn slökkviliðsins og fara í hverjum mánuði og taka út brunavarnir leikskólans.</p>	<p>Íþróttasalurinn í Síðuskóla er lokaður en hreyfingin var alla daga á leikskólalóðinni.</p>	<p>Báðir árgangar eru að læra kvæðið „Maður og mús“ eftir Þórarinn Eldjárn og eldri árgangur byrjaði tímunn sinn á því að fara með kvæðið. Svo var hlustunarleikur þar sem þau sáu ekki hvað kennarinn var að gera en þurftu að hlusta og reyna að átta sig á hvað var að gerast. (t.d. klippa blað, skoppa bolta og fleira). Í lokin var rímleikur. Yngri árgangur söng nafnalagið og fór svo yfir þuluna „Hani, Krummi, hundur, svín.“ Í lokin var hlustunarleikur eins og hjá eldri árganginum.</p>
				<p><b>Annað</b></p> <p>Málningardagur var á föstudeginum og fengu þeir sem vildu að mála sig með andlitsmálningu.</p>

## Geimlagið

(er á youtube - Guðjón Karls. (Gói) og Vignir Snær)

Það stírnir á stjörnur í dag,  
stórar og litlar, syngja þær lag  
Geimurinn geymir leyndarmál,  
gleður bæði auga og sál.

Reikistjörnurnar reika um allt,  
ringlaðar snúast hring eftir hring.  
Góð og glöð þótt úti sé kalt,  
góni ég upp, dansa og syng:




### Viðlag

Merkúr, Venus, Jörðin, Mars  
birtu fá frá sól.  
Júpíter, Satúrnus, Úranus, Neptúnus  
fjarlægum himnaból.

Það stírnir á stjörnur í dag,

stórar og litlar, syngja þær lag  
Geimurinn geymir leyndarmál,  
gleður bæði auga og sál.

Reikistjörnurnar reika um allt,  
ringlaðar snúast hring eftir hring.  
Góð og glöð þótt úti sé kalt,  
góni ég upp, dansa og syng:



### Viðlag

Merkúr, Venus, Jörðin, Mars  
birtu fá frá sól. Júpíter, Satúrnus, Úranus, Neptúnus  
fjarlægum himnaból

### Millikafli

∴Stjörnurnar eru alls staðar,  
stjörnurnar lýsa upp himinninn.∴∴

### Viðlag

∴;Merkúr, Venus, Jörðin, Mars  
birtu fá frá sól. Júpíter, Satúrnus, Úranus, Neptúnus  
fjarlægum himnaból.∴;